



Umsögn

Efni: Þingsályktunartillaga um fjármálastefnu 2018-2022, þingskjal 2, mál nr. 2.
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Fjármálastjóri

Fjármálaskrifstofu hefur verið falið að veita umsögn fyrir hönd Reykjavíkurborgar um fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu um fjármálastefnu 2018-2022. Í umsögninni er einungis fjallað um þann hluta tillögunnar sem varðar áætlaða afkomu A-hluta sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að fjármála- og efnahagsráðherra undirbúi þingsályktun um fjármálastefnu í samráði við sveitarfélögin. Fulltrúum ríkis og sveitarfélaga í *samráðsnefnd um opinber fjármál* var falið að freista þess að ná samkomulagi um framsetningu á áætlaðri afkomu A-hluta sveitarfélaga fyrir tímabilið 2018-2022 en eins og kunnugt voru fulltrúar sveitarfélaga mjög ósáttir við skort á samráði, framsetningu og efnistöð varðandi markmið um afkomu A-hluta sveitarfélaga í fjármálastefnu og fjármálaáætlun fyrir tímabilið 2017-2021. Í framhaldinu var ákveðið að byrja að vori 2017 að undirbúa málið vegna fjármálastefnu 2018-2022 en sú vinna hóst raunar ekki fyrr í nóvember sl. enda kom til kosninga til alþingis sem hefur þrengt mjög að tímaramma vinnunnar. Þannig gafst ekki nægjanlegur tími til að komast til botns í öllum atriðum málsins í þessari atrennu.

Samráðsnefndin afgreiddi tillöguna varðandi markmið um afkomu A-hluta sveitarfélaga með eftirfarandi sameiginlegri bókun:

Samráðsnefndin vekur athygli á að brýnt er að ljúka sem fyrst frekari rýningu á einstökum efnisþáttum sameiginlegs mats, s.s. launakostnaði, fasteignasköttum, fjárfestingu, kaupum og sölu á vöru og þjónustu og skuldum sveitarfélaga. Við framlagningu fjármálastefnu þarf að vekja athygli á óvissu matsins, einkum varðandi framvindu kjarasamninga næstu misserin sem gæti kallað á breytingar á forsendum við gerð fjármálaáætlunar fyrir tímabilið 2018-2022.

Af hálfu fulltrúa sveitarfélaganna eru miklar efasemdir um mat, markmið og framreikning á launakostnaði, fasteignasköttum, fjárfestingu og sölu á þjónustu. Í bókuninni kemur jafnframt fram að við framlagningu þingsályktunarinnar verði vakin athygli á óvissu matsins sem geti kallað á breytingar á forsendum við gerð fjármálaáætlunar 2018-2022.

Vísað er að öðru leyti til umfjöllunar Sambands íslenskra sveitarfélaga um málið í umsögn Sambandsins til fjárlaganefndar.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri